



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/142*  
*komudagur 13.11.2006*

Fjárlaganefnd Alþingis  
Hr. Birkir J. Jónsson, form.

Reykjavík, 13. nóvember 2006.

Með vísan til bréfs yðar, dags. 5. október 2005, þar sem óskað er eftir álit menntamálanefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007. Álit nefndarinnar sendist yður hér með.

Þá óskaði fjárlaganefnd eftir því að menntamálanefnd skipti safnliðum sem eru á málefnasviði nefndarinnar. Nefndin leggur til, eftir viðtöl við umsækjendur og eftir að hafa farið yfir erindi umsækjenda, að veitt verði fé til þeirra aðila sem gerð er tillaga um í fylgiskjali.

F.h. formanns menntamálanefndar,

*Elisabet Rán Andrésdóttir*

Elisabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari.

MENNTAMÁLANEFND

# Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (02 Menntamálaráðuneyti).

## Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2005.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti og Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá Tónlistarsjóði. Á fund fjármálanefndar sem menntamálanefnd sat einnig komu Gísli Þór Magnússon og Aðalstein Eiríksson frá menntamálaráðuneyti,

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 45.581 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.893 millj. kr. en þær nema 8,0% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Nefndamenn sátu fund fjárlaganefndar 3. nóvember þegar farið var yfir breytingar á reiknilíkani framhaldsskólanna. Með þeim breytingum sem ráðgert er að gera í reiknilíkaninu hafa nefndarmenn áhyggjur af verknámsskólum og þá einkum framhaldsskólum á landsbyggðinni. 1. minni hluti nefndarinnar beinir því sérstaklega til fjárlaganefndar að skoða vel reiknilíkanið, einkum með tilliti til stöðu verknámsskóla. Margar deildir í þeim skólum hafa fáa nemendur og með kröfu um fjölgun nemenda getur reynst erfitt fyrir þá að standa undir þeim fögum.

Nefndin telur að í meginatriðum eigi úthlutun til einstakra verkefna á sviði lista og menningar að vera í höndum sjóða, sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Hjá stjórnnum og ráðum sem annast úthlutun úr slíkum sjóðum fara umsóknirnar í gegnum faglegt mat sem menntamálanefnd Alþingis hefur ekki forsendur til að beita. Í þessu sambandi bendir nefndin á að úthlutun vegna tónlistarerinda eigi að fara fram í gegnum tónlistarsjóð. Samkvæmt lið 02-982-1.25 í frumvarpi til fjárlaga 2007 fær tónlistarsjóður 49 millj. kr. Nefndin hefur, að beiðni fjárlaganefndar, skoðað umsóknir um styrki til einstakra tónlistarverkefna, t.d. Berjadaga, sem er tónlistarhátíð á Tröllaskaga, 0,5 millj. kr., Harmonikkufélags Vestfjarða 0,3 millj. kr., Músíkur í Mývatnssveit 1 millj. kr., Sumartónleika í Skálholtskirkju 2 millj. kr. og Þjóðlagahátíðar á Siglufirði 0,5 millj. kr. og telur eðlilegra væri að þessar umsóknir kæmu til skoðunar hjá tónlistarsjóði þar sem gilda ítarlegar reglur um úthlutunina, sbr. reglur nr. 125/2005, um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði. Með því móti er líka komið í veg fyrir að sótt sé um á báðum stöðum eins og brögð hafa verið að. Slíkt er einkum óheppilegt fyrir tónlistarsjóð sem er reynir að meta sínar úthlutanir án vitneskju um hverjir hljóta styrki frá Alþingi.

Óráðstafað er á safnliðum 02.-984-1.90 (norraen samvinna) 5,5 millj. kr. og á 02-989-1.90 (ýmis íþróttamál) 9 millj. kr. en vegna verklagsreglna sem gilda um úthlutanir er nefndinni óheimilt að færa fjármuni milli einstakra liða. Ef nefndinni væri það heimilt hefði hún vissulega haft áhuga á því að hækka styrki til einstakra verkefna, t.d. Handverks og hönnunar ses, og óskar nefndin eftir því að fjárlaganefnd taki það sjónarmið til skoðunar.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.

**Sæunn Stefánsdóttir.**

**Tillögur menntamálanefndar að skiptingu safnliða  
í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007.  
(Allar tölur í þús. kr.)**

Á fund menntamálanefndar komu vegna skiptingar safnliða: Inga Dóra Sigfúsdóttir frá Rannsókn og greiningu, Guðmundur Jónsson og Kristín Ástgeirsdóttir frá Miðstöð munnlegrar sögu, Anna Agnarsdóttir og Már Jónsson frá Sögufélaginu, Jón Hermannsson frá TEFRA-film, Ólafur Engilbertsson frá Snjáfjallasetri, Bjarki Sveinbjörnsson og Jón Hrólfur frá Músík og sögu, Mats Wibe Lund vegna heimildasafns hans, Örn Magnússon og Sigursveinn Magnússon vegna tónlistarháttíðarinnar Berjadagar, Guðjón Petersen leikhússtjóri og Þorsteinn S. Ásmundsson framkvæmdastjóri Leikfélags Reykjavíkur, Ólöf Guðmundsdóttir, Guðmundur Guðbrandsson og Halldór Vilhelmsson frá Pólýfónfélagi Reykjavíkur, Sigurður Halldórsson, listrænn stjórnandi, vegna sumartónleika í Skálholtskirkju, Kristín G. Magnúsdóttir frá Ferðaleikhúsinu, Pjetur Stefánsson frá Íslenskri grafík og Ingibjörg Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri og Þuríður Sigurðardóttir varaformaður frá Sambandi íslenskra myndlistarmanna. Einnig komu Anna Guðný Ásgeirsdóttir og Frosti Jóhannsson frá Rekstrarfélagi Sarps, Margrét Valdemarsdóttir og Ásdís Birgisdóttir framkvæmdastjóri frá Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, Árni Gunnarsson frá Skotta ehf., Soffía Magnúsdóttir og Guðmundur Oddur Magnússon vegna samstarfsaðila um útgáfu nútíma Sjonabókar, Jón Hjaltason frá Félagi fræðimanna á Norðurlandi, Kristín Ástgeirsdóttir frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Ásta Sól Kristjánsdóttir og Almar Grímsson vegna Snorraverkefnisins, Andri Ottesen gjaldkeri frá AFS á Íslandi, Arna Grétarsdóttir og Þorvaldur Víðisson vegna Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Gunnarsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands, Sara Hólm og Sigurlaug Garðarsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands, Guðlaug Richter vegna IBBY á Íslandi, Ingi Hans Jónsson og Gísli Ólafsson vegna Eyrbyggja, Ragnar Kristjánsson vegna útgáfu bókar um Skaftafell, Björn Jónsson frá Útgáfufélaginu Guðrúnu, Valdimar Össurarson frá Tæknisafni Íslands, Auður Styrkárssdóttir vegna Kvennasögusafns Íslands og Bjarni Danielsson, Alma Sigurðardóttir og Óðinn Albertsson frá Norræna félaginu. Adolf Friðriksson frá Fornleifastofnun, Brynhildur Pétursdóttir frá Zontaklúbbinum vegna Nonnahús, Elín Thorarensen og María Kristín Gylfadóttir frá Heimili og skóla og Eyþór Guðjónsson og Jón Ögmundur Marínóson vegna Þjóðsögunnar um Gretti. Einnig bárust nefndinni önnur erindi þar sem farið var fram á fjárveitingu en ekki var jafnframt óskað viðtals.

Tillaga menntamálanefndar um skiptingu safnliðarins er eftirfarandi:

**1. Söfn, ýmis framlög (02-919-1.90).**

1.	Fiska- og náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum, rekstur	1.000
2.	Hið íslenska reðursafn	800
3.	Kvennasögusafn Íslands	2.000
4.	Langabúð á Djúpavogi	1.500
5.	Safnasafnið, Svalbarðsströnd	4.000
6.	Strandmenningarverkefnið NORCE	5.000
7.	Tæknisafn Íslands	500
8.	Vestmannaeyjabær, náttúrugripa- og fiskasafn	800

Samtals	15.600
<b>2. Listir, framlög (02-982-1.90).</b>	
1. Atvinnu- og ferðamálanefnd Flóahrepps	1.000
2. Íslensk grafík	700
3. Leikfélag Reykjavíkur	20.000
4. Leikminjasafn Íslands	5.000
5. Listvinafélag Vestmannaeyja	500
6. Samband íslenskra myndlistarmanna	4.000
7. Útgáfa nútíma sjónabókar (munsturbókar)	4.700
8. Ferðaleikhúsið	1.200
9. Óskipt	4.400
Samtals	41.500
<b>3. Styrkir til útgáfumála (02-983-1.11).</b>	
1. Bókasafn Dagsbrúnar	1.000
2. Bókaútgáfan Hólar, vísnaverkefni	3.300
3. Börn og bækur – IBBY á Íslandi	1.000
4. Kvæðamannafélagið Iðunn	500
5. Oddur Helgason, ættfræðirannsóknir	1.000
6. Strandir, byggðasaga	1.000
7. Útgáfufélagið Guðrún	3.300
8. Úr torfbæjum inn í tækniöld	1.000
9. Vinir Skaftafells og Jack Ives	1.900
Samtals	14.000
<b>4. Norræn samvinna (02-984-1.90).</b>	
1. Norræna félagið á Íslandi	7.500
2. Óskipt	5.500
Samtals	13.000
<b>5. Æskulýðsmál (02-988-1.90).</b>	
1. AFS á Íslandi	1.000
2. Hvítasunnukirkjan á Íslandi	2.000
3. Hvítasunnukirkjan á Íslandi, uppbygging í Kirkjulækjarkoti	2.000
4. KALAK, vinafélag Íslands og Grænlands	1.000
5. Kirkjumiðstöðin við Vestmannsvatn	1.000
6. Krossinn, unglíngastarf	2.000
7. Landssamband æskulýðsfélaga	2.200
8. Snorraverkefnið	2.000
9. Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar	1.200
Samtals	14.400
<b>6. Ýmis íþróttamál (02-989-1.90).</b>	
1. Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra	500

2.	Sumarbúðirnar Ástjörn	1.500
3.	Óskipt	9.400
	Samtals	11.400

**7. Ýmis framlög, ýmislegt (02-999-190).**

1.	Akureyrarakademían	1.500
2.	Fornleifastofnun Íslands	2.500
3.	Handverk og hönnun ses.	8.500
4.	Heiðar Marteinsson, tölvuskráning á myndasafni	1.000
5.	Heimili og skóli	1.000
6.	Heimilisiðnaðarfélag Íslands, norrænt heimili	2.500
7.	Holt í Öndarfirði	1.000
8.	Íslandsdeild Spes	2.500
9.	Íslenskar æviskrár frá Landnámstíð til 2000	2.500
10.	Klúbbur matreiðslumeistara	2.000
11.	Kvenfélagasamband Íslands	3.000
12.	Kvenréttindafélag Íslands	2.400
13.	Leiðbeiningarstöð heimilanna	3.000
14.	Mats Wibe Lund	2.000
15.	Miðstöð munnlegrar sögu	2.000
16.	Músík og saga	2.000
17.	ÓB-ráðgjöf, verkefnið „hugsað um barn“	4.500
18.	Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum	2.000
19.	Rannsóknir og greining	3.500
20.	Rekstarfélag Sarps sf.	4.000
21.	Snjáfjallasetur	2.000
22.	Sturlustofa í Dölum	700
23.	Surtseyjarfélagið	500
24.	Sögufélagið	1.500
25.	Sögufélag Barðstrendinga, Ísfirðinga og Búnaðarsambands Vestfjarða	1.500
26.	Tónminjasetur Íslands	2.000
27.	Vestfirðir á miðöldum	5.000
28.	Zontaklúbbur Akureyrar	1.800
	Samtals	68.400